

**BRÁÐABIRGÐAVEGUR NEÐAN VIÐ
KÁRAHNJÚKASTÍFLU, VIÐ FREMRI KÁRAHNJÚK
FLJÓTSDALSHÉRAÐ
Ákvörðun um matsskyldu**

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning bráðabirgðavegar neðan Kárahnjúkastíflu sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag á framkvæmdasvæðinu þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er veitt, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsvirkjun og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 16. maí 2008.

15. apríl 2008

INNGANGUR

Þann 3. mars 2008 tilkynnti Landsvirkjun lagningu bráðabirgðavegar neðan við Kárahnjúkastíflu, við fremri Kárahnjúk til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarstjórna Fljótsdalshéraðs, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs með bréfi dags. 8. apríl 2008, Heilbrigðiseftirliti Austurlands 18. mars 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. mars 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að framkvæmdaraðili vinni að gerð rofvarnar í Hafrahvammagljúfrum, vegna yfirfalls í Kárahnjúkastíflu. Til þess að tryggja best öryggi þeirra sem vinna við gerð hennar niðri í gljúfrinu þurfi að hreinsa burtu laust grjót úr klettaveggjum og glúfurbörmum og setja öryggisnet á gljúfurvegginn ofan vinnusvæðisins í gljúfrinu. Til þess að hægt sé að koma öryggisnetinu fyrir þurfi að leggja 500 m langa og 4 m breiða bráðabirgðarvegslóð frá Kárahnjúkastíflu við Fremri – Kárahnjúk. Að hluta til muni vegslóðin liggja um lekasvæði frá stíflunni. Vegslóðin verði lögð á jarðvegisdúk, þannig að auðveldara verði að fjarlægja hana að verki loknu með sem minnstum ummerkjum. Kröfur um lágmarksþykkt fyllingarinnar verði á þann hátt að umferð um slóðina marki sem minnst niður í jarðveginn undir henni. Þá verði umferðarþungi takmarkaður við vegslóðina á meðan frost fer úr jörðu. Eftir að framkvæmdum við rofvarnirnar ljúki verði vegslóðin fjarlægð.

Áhrif á núverandi landnotkun og ásýnd lands. Fram kemur að framkvæmdin sé innan framkvæmdasvæðis Kárahnjúkastíflu og mótist ásýnd svæðisins mjög af þeim mannvirkjum sem fyrir eru. Vegslóðin verði sýnileg frá stíflunni og næsta nágrenni, en sé hins vegar aðeins örlítið brot af allri þeirri mannvirkjagerð sem felst í Kárahnjúkastíflu og Háslóni. Áhrifin á ásýnd svæðisins séu tímabundin og þess eðlis að vera óveruleg.

Áhrif á lífríki. Fram kemur að samkvæmt gróðurkortu sé gróðurlendi framkvæmdasvæðisins fyrst og fremst lyngmói. Með því að leggja veg á jarðvegisdúk, hafa lágmarksþykkt á fyllingum og nota sem léttust tæki verði áhrif á gróður óveruleg. Til lengri tíma verði rask vegna framkvæmdarinnar óverulegt eða ekkert.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að skv. fyrirliggjandi gögnum bendi ekkert til þess að á framkvæmdasvæðinu eða í nágrenni þess séu fornminjar. Framkvæmdin komi því ekki til með að hafa áhrif á fornminjar.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að í gildi sé sérstakt svæðisskipulag fyrir Kárahnjúkavirkjun. Ekki sé fjallað um fyrirhugaðan bráðabirgðaveg í svæðisskipulaginu. Fram kemur að vegurinn liggji innan svæðis sem tilgreint er á náttúruminjasrá, svæði nr. 615, þ.e. Snæfell, Vesturöræfi og Hafrahvammagljúfur.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs, Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs er ítrekað mikilvægi þess að notuð verði sem léttust tæki við slóðagerðina til að minnka rask eins og kostur sé.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu bráðabirgðavegar á bökkum Jökulsár sem er nauðsynleg vegna framkvæmda við rofvarnir í Hafrahvammagljúfri. Vegurinn verður lagður á jarðvegsdúk þar sem farið verður um gróið land og hann síðan fjarlægður eftir að lokið hefur verið við rofvarnir í gljúfrinu. Vegurinn liggur innan svæðis sem tilgreint er á náttúruminjaskrá, svæði nr. 615. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Ljóst er að lagning bráðabirgðavegarins mun valda tímabundnu raski, sem á meðan framkvæmdum stendur hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Vegurinn er hins vegar tímabundin, liggur innan mannvirkjabeltis Kárahnjúkastíflu og verður fjarlægður að notkun lokinni. Því er það mat Skipulagsstofnunar að áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsvirkjunar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning bráðabirgðavegar neðan Kárahnjúkastíflu sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag á framkvæmdasvæðinu þarf sveitarstjórn að leita meðmæla Skipulagsstofnunar áður en framkvæmdaleyfi er veitt, sbr. 3. t. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsvirkjun og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 16. maí 2008.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur Fr. Þóroddsson

